

**VEGVÍSIR**  
**ÍSLANDS OG FRAKKLANDS**  
**AÐ STERKARA TVÍHLIÐA SAMSTARFI**

Ísland og Frakkland tengjast djúpstæðum vináttuböndum og eiga sterk söguleg tengsl auk sameiginlegrar evrópskrar sjálfsmyndar og sameiginlegra gilda sem byggjast á lýðræði, réttarríkinu og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti kynjanna. Löndin tvö eru traustir bandamenn sem starfa saman innan ramma Sameinuðu þjóðanna, Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Atlantshafsbandalagsins (NATO) og hins pólitíska bandalags Evrópuríkja.

Í skugga hnattrænna áskorana og svæðisbundinna ógna, einkum árásarstriði Rússlands gegn Úkraínu, endurnýjuðu mikilvægi Norður-Atlantshafsins fyrir öryggi og varnir, aukins alþjóðapólitísksáhuga á norðurslóðum, aukinna fjölþáttaógna, þ.m.t. notkunar á falsupplýsingum, og hnattrænu efnahagslegu ójafnvægi, eru Ísland og Frakkland staðráðin í að efla samvinnu sín á milli. Löndin árétta órjúfanlega skuldbindingu sína um að virða stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðalög. Ísland og Frakkland einsetja sér að vinna saman í þágu þess að varðveita frið, hagsæld og öryggi og verja þau gildi sem þau eiga sameiginlega. Þau vilja leggja sitt af mörkum í þágu fullvalda, öruggrar, grænnar, skapandi, samkeppnishæfrar og áfallaþolinna Evrópu.

Í ljósi yfirstandandi loftlagsbreytinga, taps á líffræðilegri fjölbreytni og mengunar, hafa Ísland og Frakkland, sem hafþjóðir, látið í ljós umhyggju sína fyrir umhverfinu, styðja sjálfbæra þróun og vilja til að leggja sitt af mörkum til þekkingaröflunar og verndunar einstaks vistkerfis Norður-Atlantshafs og norðurslóða. Þau hafa gripið til aðgerða til að styðja við framkvæmd mikilvægra alþjóðasamninga um umhverfið og hafið.

Með þessum vegvísi hyggjast Ísland og Frakkland efla samvinnu sína til viðbótar við núgildandi samninga og þá sem gerðir verða í framtíðinni.

**I. STJÓRNMÁLASAMRÁÐ SEM BYGGIST Á NÁNUM TENGLUM MILLI EVRÓPSKRA SAMSTARFSADILA**

Ísland og Frakkland munu efla samskipti milli ríkjanna á öllum stigum. Þau munu leitast við að skipuleggja pólitískt samráð á ráðherrastigi a.m.k. á átján mánaða fresti.

Tvíhliða samráð á stigi skrifstofustjóra Evrópumála og/eða alþjóðamála innan utanríkisráðuneyta landanna verður haldið með sömu tíðni. Það samráð mun veita tækifæri til að fylgjast með framvindu þessa vegvísis og greina leiðir til að greiða fyrir tengslum milli Íslands og Frakklands, sem og Evrópusambandsins (ESB).

Ísland og Frakkland munu jafnframt hvetja til reglulegs samtals milli viðkomandi ráðherra eða háttsettra embættismanna um áherslur og framgang samstarfs á einstökum sviðum.

Frakkland, sem er aðildarríki ESB, og Ísland, sem aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) innan EES, eru bæði hluti af EES. Löndin tvö njóta ávinnings af innri markaðinum og eiga samstarf innan áætlana ESB. Þau eru bæði hluti af Schengen-svæðinu auk þess að deila evrópskri sjálfsmynd. Ísland og Frakkland staðfesta vilja sinn að styrkja enn frekar tengslin milli Íslands og ESB, þar á

meðal innan ramma EES-samningsins og sammælast um að starfa saman eftir því sem við á um málefni sem varða stefnu ESB, þar með talið um loftslagshlutleysi, samkeppnishæfni, sjálfstæða Evrópu og þróun framsækinnar tækni.

## II. VIÐNÁMSÞRÓTTUR, ÖRYGGI OG VARNIR TIL STUÐNINGS FULLVELDI

Sem stofnaðilar að Atlantshafsbandalaginu, árétta Ísland og Frakkland sameiginlega hagsmuni á sviði öryggis- og varnarmála, einkum að því er varðar Norður-Atlantshaf og norðurslóðir, öryggi Evrópu, efnahagslegt öryggi og fullveldi hvors um sig. Þau styðja sterkari Evrópu í sterkara Atlantshafsbandalagi og munu vinna saman að eflingu viðbragðsstöðu Atlantshafsbandalagsins á norðurslóðum.

Ísland og Frakkland fagna tækifærum til samstarfs og munu kanna nánari samstarfsfleti um að styrkja varnarsamstarf sitt og stuðla að áframhaldandi byrðatilfærslum bandalagsins, þar á meðal þau tækifæri sem felast í viljayfirlýsingu Íslands og Frakklands um tvíhliða varnarsamstarf, öryggis- og varnarmálasamstarfi ESB og Íslands, og innan framtíðarsamstarfsáætlana ESB á grundvelli EES-samningsins.

Löndin tvö vilja efla viðnámsþrótt íbúa sinna gegn alþjóðapólitískum ógnum og náttúruvá. Munu þau gera það með samráði og samstarfi milli almannavarnakerfa sinna, sem og með betri miðlun þekkingar á sviði borgaralegs viðbúnaðar ef til utanaðkomandi árásar kemur. Frakkland mun nýta sér þá sérþekkingu sem Ísland hefur þróað með sér við stjórnun og viðbrögð við náttúruvá.

Ísland og Frakkland, sem viðurkenna kosti aukinnar tvíhliða samvinnu á sviði varnarmála, og taka mið af stefnu Íslands í varnar- og öryggismálum, sem samþykkt var í febrúar 2026, sem og þjóðaröryggismati Frakklands frá 2025 og norðurslóðastefnu í varnarmálum, sem samþykkt var í júlí 2025, munu leitast við að ná framgangi í samræmi við viljayfirlýsingu um tvíhliða varnarsamstarf landanna tveggja, sem undirrituð var þann 11. júní 2025. Ísland mun halda áfram að veita herafla Frakklands gistiríkisstuðning á Keflavíkurflugvelli og aðra aðstöðu samkvæmt samkomulagi. Auka mætti samvinnu milli herafla Frakklands og íslenska utanríkisráðuneytisins með fleiri heræfingum og nánara rekstrarsamstarfi og miðlun upplýsinga og vitneskju um ógnir á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum.

Ísland og Frakkland, sem bæði eru í bandalagi hinna viljugu þjóða til stuðnings Úkraínu, fordæma ólöglegt árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og munu halda áfram að styðja Úkraínu með þjálfun, efnahags-, tækni- og varnartengdum stuðningi, til að hjálpa þeim að tryggja heildstæðan, réttlátan og varanlegan frið. Þau munu áfram taka þátt í verkefnum sem miða að því að hjálpa varnariðnaði Úkraínu að halda uppi vörnum gegn árásarstríði Rússlands til lengri tíma. Þau munu enn fremur halda áfram samstarfi um aðgerðir gegn skuggaflotanum á grundvelli staðfasts stuðnings þeirra við hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. með samráði á samstarfsvettvangi Norðurlanda, Eystrasaltsríkja og fleiri ríkja (NB8++).

Ísland og Frakkland deila sameiginlegri sýn á hernaðarlegt mikilvægi Norður-Atlantshafsins og norðurslóða fyrir viðara öryggi í Evrópu og á Norður-Atlantshafssvæðinu. Loftslagsbreytingar munu hafa í för með sér auknar líkur á nýtingu auðlinda og notkun siglingaleiða en ýta undir veikleika er lúta að vistkerfi og öryggi. Ísland og Frakkland munu áfram kanna möguleika á eflingu samstarfs í varnarmálum á svæðum þar sem þau eiga sameiginlega hagsmuni, einkum í Evrópu, á Norður-Atlantshafi og á norðurslóðum, í samræmi við alþjóðalög og sameiginleg gildi.

Ísland og Frakkland munu áfram stuðla að opnum, frjálsum, stöðugum og öruggum netheimi á heimsvísu, sem og ábyrgri hegðun á netinu. Þau munu vinna saman til að takast á við fjölþátta ógnir, erlend afskipti og upplýsingaóreiðu og miðla bestu starfsvenjum.

### **III. LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ, LOFTSLAG OG AFKOLUN TIL AÐ STYÐJA VIÐ VARÐVEISLU VISTKERFA NORÐURSLÓÐA**

Frakkland, sem áheyrnaraðili í Norðurskautsráðinu, og Ísland sem norðurslóðaríki og stofnaðili að Norðurskautsráðinu, sem vinna að því að beita leiðum sem vernda vistkerfi norðurslóða, munu auka viðræður sín á milli um norðurslóðamálefni og vinna að því að ná heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun fyrir árið 2030.

Ísland og Frakkland munu beita sér fyrir verndun og sjálfbæra stjórnun hafsins. Þau munu hrinda þeim áheutum sem gerð voru á þriðju ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nice í júní 2025 í framkvæmd, styðja við framkvæmd fjórtánda heimsmarkmiðsins um sjálfbæra þróun: vernda og nýta með sjálfbærum hætti hafið og auðlindir þess í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun. Þau munu halda áfram viðræðum um aukið alþjóðlegt hlutverk Mercator-alþjóðahafsetursins (e. Mercator International Centre of the Ocean) sem er alþjóðleg stafræn upplýsingaveita um hafið.

Ísland og Frakkland vilja stöðva tap á líffræðilegri fjölbreytni og snúa til baka þeirri þróun fyrir árið 2030 með því að koma Kunming-Montreal samkomulaginu um líffræðilega fjölbreytni á heimsvísu til framkvæmda og tryggja verndarsvæði sem nemur 30% landsvæða og hafsvæða fyrir árið 2030. Þau munu hvetja ríki til að fullgilda samninginn undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja og leggja sitt af mörkum til metnaðarfullrar framkvæmdar hans. Þau munu eiga samstarf um að berjast gegn ólöglegum, ótilkynntum og stjórnláusum fiskveiðum (IUU-veiðar).

Með þær áhættur sem stafa af hröðun hnattrænnar hlýnunar fyrir heimskautasvæðið í huga og þörf fyrir aðlögun að loftslagsbreytingum og aukið áfallaþol vegna afleiðinga þeirra, munu Ísland og Frakkland halda áfram viðleitni sinni til hrinda Parísarsamningnum til framkvæmda og þeim skuldbindingum sem gerðar voru við hnattræna stöðumatið (Global Stocktake) á 28. ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (COP28), einkum til að tryggja vernd freðhvolfsins. Þau munu vinna að afkolun sjóflutninga innan ramma samningaviðræðna sem eiga sér stað innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Ísland og Frakkland munu leitast við að ná metnaðarfullum markmiðum með það fyrir augum að ná kolefnishlutleysi. Þau munu nýta sér sérþekkingu hvors fyrir sig á sviði jarðvarmaorku, vindorku og föngunar, nýtingar og geymslu kolefnis með áherslu á losun sem erfitt er að draga úr. Enn fremur munu Ísland og Frakkland kanna hagkvæmni geymslu kolefnis með steinrenningu.

Ísland og Frakkland leggja áherslu á þörfina fyrir að ljúka samningaviðræðum til samþykktar lagalega bindandi alþjóðasamnings sem fjallar um allt vistferli plasts, frá framleiðslu og hönnun til förgunar og úrgangsstjórnunar til að binda endi á plastmengun.

Meðvituð um þörfina á að afla betri þekkingar á heimskautunum og hafinu sem tengir þau til þess að vernda þau, munu Ísland og Frakkland hvetja til vísindalegra heimskauts- og hafrannsóknna.

Ísland og Frakkland vilja ýta undir fjárfestingu opinberra aðila og einkaaðila í umskiptunum yfir í áfallaþolnara og afkolað hringrásarhagkerfi.

#### IV. NÝSKÖPUN, MENNTUN OG VÍSINDI TIL STUÐNINGS EFNAHAGSLEGRA OG MENNINGARLEGRA TENGLA

Ísland og Frakkland viðurkenna vaxandi mikilvægi nýsköpunar og byltingarkenndrar tækni, einkum skammtatækni og gervigreindar og hafa einsett sér að efla samvinnu sína á þessum sviðum að teknu tilliti til umhverfisáhrifa gervigreindarkerfa.

Ísland og Frakkland viðurkenna stefnumarkandi mikilvægi þess að efla tvíhliða viðskipti og fjárfestingasamstarf. Þau fagna frönskum fjárfestingum á Íslandi á sviði fjarskipta, orku, gagnavera og gervigreindar, auk íslenskra fjárfestinga í Frakklandi í fiskveiðum, líflæknisfræði- og orkugeirunum og árétta stuðning sinn við þessar gagnkvæmu fjárfestingar.

Frakkland er áfram lykilmarkaður fyrir íslenskan útflutning, einkum sjávarafurðir og menningarafurðir á meðan Ísland býður upp á tækifæri fyrir frönsk fyrirtæki á sviði endurnýjanlegrar orku, innviða, stafrænnar tækni, gervigreindar og grænna umskipta. Löndin munu hvetja til nánara samstarfs milli fyrirtækja, fjárfesta, rannsóknastofnana og atvinnugreinasamtaka, og styðja markaðsaðgang og fjárfestingartækifæri og stuðla að viðræðum sem miða að því að ýta undir og stuðla að umhverfi fyrir viðskipti og langtíma fjárfestingu. Þau munu leitast við að efla samstarf í stefnumarkandi geirum, þ.m.t. hreinni orku, sjálfbærum flutningum, líftækni, gagnainnviðum, gervigreind og hátækni, til að styðja við áfallaþolið, skapandi og samkeppnishæft evrópskt hagkerfi.

Ísland og Frakkland munu efla samvinnu milli æðri mennta- og rannsóknarstofnana sinna, einkum á eftirfarandi sviðum: heimskautarannsóknir, geimvísindi, loftlagsfræði, freðhvolff, græn og blá hagkerfi, náttúruvísindi, verkfræði og hugvísindi og félagsvísindi. Þau munu vinna að því að evrópska kerfið fyrir viðurkenningu á prófskírteinum komi að fullu til framkvæmda.

Ísland og Frakkland munu hvetja til þátttöku í Horizon Europe-áætluninni, rammaáætlun ESB um rannsóknir og nýsköpun, með það fyrir augum að auka fjölda sameiginlegra vísindaverkefna sem lögð eru fram, auk þess að auka hreyfanleika nemenda, háskólastarfsfólks og rannsakenda, þ.m.t. í gegnum Erasmus+ áætlunina, bandalag evrópskra háskóla og Evrópusamstarf um viðnámsþrótt menningararfleifðar. Þau munu styðja þróun Jules Verne áætlunarinnar (fransk-íslenska Hubert Curien samstarfið) sem er undir sameiginlegri stjórn franska sendiráðsins á Íslandi og Rannís og skólastyrksáætlunar franska sendiráðsins á Íslandi, France Excellence.

Ísland og Frakkland einsetja sér að stuðla að greiðum aðgangi að menningu og arfleifð. Þau munu halda áfram stuðningi við Alliance Française í Reykjavík. Með gagnkvæmu dvalaráætlunina sem franska sendiráðið á Íslandi setti á fót á Íslandi að fyrirmynd, munu þau vinna saman að auknum hreyfanleika og samstarfi listamanna, fagmanna og franskra og íslenskra menningar- og menningararfsstofnana. Á sviði kvikmynda munu Ísland og Frakkland uppfæra samninginn um samframleiðslu kvikmynda sem undirritaður var 29. ágúst 1990 og vilja þróa áfram Sólveig Anspach stuttmyndaverðlaunin. Þau árétta stuðning sinn við fjöltyngi og munu greiða fyrir þýðingu á frönskum bókmenntum yfir á íslensku og íslenskum verkum yfir á frönsku, auk miðlun þeirra og kynningu.

Ísland og Frakkland, sem ásetja sér að styðja nám erlendra tungumála á öllum skólastigum nemenda, munu styðja við kennslu á tungumáli samstarfslands síns í menntakerfum hvors fyrir sig.

## V. STAÐFÖST FYLGISPEKT VIÐ MANNRÉTTINDI OG LÝÐRÆÐI


Með meginreglur mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi árétta Ísland og Frakkland allir eru bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og. Þau deila staðfastri skuldbindingu um að verja öll mannréttindi og grundvallarfrelsi og um að styrkja alþjóðlega samvinnu í þágu algildra, óskiptanlegra mannréttinda sem eru háð innbyrðis og samtengd í eðli sínu. Sem aðilar að Evrópuráðinu áréttuðu þau á leiðtogafundinum í Reykjavík árið 2023 að lýðræði, mannréttindi og réttarríkið séu þungmiðja friðar, stöðugleika og hagsældar í Evrópu. Ísland og Frakkland árétta ásetning sinn um að vinna að framgangi jafnréttis og jafnræðis, þ.m.t. með aðgerðum til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna og koma í veg fyrir og bregðast við kynbundnu ofbeldi í öllum birtingarmyndum sínum.

Ísland og Frakkland viðurkenna að tjáningar-, prent- og fjölmiðlafrelsi og aðgangur almennings að áreiðanlegum upplýsingum sé grundvöllur lýðræðis og óaðskiljanleg frá mannréttindum. Bæði líta svo á að þegar grafið er undan þessu frelsi af ásetningi, með dreifingu falsupplýsinga, þöggun sjálfstæðra fjölmiðla, árásum á blaðamenn og fjölmiðla eða skaðlegri orðræðu sem beinist gegn jafnrétti, þá ógni það lýðræðisþjóðfélögum og því að mannréttinda sé notið til fulls.

Ísland og Frakkland munu kanna tækifæri til að efla tvíhliða og marghliða samvinnu til að efla vernd mannréttinda, mannfrelsis og meginreglna lýðræðisins.

Undirritað í Reykjavík, 20. júlí 2026, í tveimur eintökum, á íslensku og frönsku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands



Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Frakklands

